



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um átak vegna stöðu barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð í samvinnu við mannréttinda, lýðræðis- og nýsköpunarráð, Mannréttindaskrifstofu og velferðarráð beiti sér sérstaklega fyrir hagsmunum erlendra barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Huga þarf að þessum hópi út frá stöðu þeirra í skóla- og frístundakerfinu, félagslega og ekki síst námslega s.s. námsgreinar sem snúa að lestrar- og íslenskukennslu. Skortur er á almennum úrræðum og fjölbreyttari bjargráðum fyrir tvítyngd börn í leik- og grunnskólum. Staða margra þessara barna er slæm og hætta er á að þau einangrist. Árið 2014 var settur af stað hópur af skóla- og frístundaráði sem hafði það hlutverk að móta stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. Í Stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf eru ýmsar tillögur og ábendingar en óljóst er hvað af þessum tillögum/ábendingum hafa komist í framkvæmd. Lagt er því til að fagrað borgarinnar sameinist um að beita sér í málaflokknum til að bæta líðan, aðstöðu og utanumhald erlendra barna í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Stefna skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, var samþykkt í skóla- og frístundaráði 2014 og hefur hún verið leiðarljós í málefnum fjölmenningar á skóla- og frístundasviði frá þeim tíma. Árið 2014 var ráðinn inn kennsluráðgjafi í fjölmenningu á grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs en sú staða breyttist síðar í verkefnastjóra fjölmenningar í grunnskóla- og frístundastarfi. Fram að þeim tíma hafði ekki verið starfandi kennsluráðgjafi né annar sérfræðingur um málefni fjölmenningar síðan 2006. Á leikskólaskrifstofu starfaði verkefnastjóri fjölmenningar og hafði verið til fjölda ára. Árið 2015 var Miðja máls og læsis stofnuð og hlutverk hennar var meðal annars að efla fagmennsku kennara og starfsfólks, tryggja aðgengi að ráðgjöf og efla stuðning við fagleg vinnubrögð þ.m.t. vegna fjöltyngdra nemenda. Í Miðju máls og læsis starfa auk deildarstjóra þrjár kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur og þrjár brúarsmiðir.

Árið 2014 var stofnað fjölmeningarteymi. Í teyminu voru verkefnastjóri fjölmennningar í leikskóla, fulltrúi frá frístundamiðstöðvum og verkefnastjóri í fjölmenningu á grunnskólaskrifstofu. Hlutverk teymisins var að innleiða *Heimurinn er hér* og í dag skipa teymið verkefnastjóri í fjölmenningu fyrir grunnskóla- og frístundastarf, verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla, þrjú brúarsmiðir Miðju máls og læsis og tveir kennsluráðgjafar Miðju máls og læsis. *Heimurinn er hér* – fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf byggir á þremur meginstöðum; *Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítýngi og foreldrasamstarf*. Hér að neðan verður greint frá þeim verkefnum sem hafa verið unnin á þeim sex árum síðan stefnan var samþykkt og hvaða verkefni eru á dagskrá framundan.

Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir

Þær aðferðir sem taldar eru árangursríkastar í námi fjölbreyttra barnahópa ganga út á að þróa skóla- og frístundastarf þannig að það feli í sér þátttöku allra nemenda, virkt lýðræði og jafnrétti til náms. Við innleiðingu á fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum hefur verið lögð rík áhersla á fræðslu til starfsmanna. Á árunum 2014 til 2020 hefur fjölmeningarteymi skóla- og frístundasviðs, Miðja máls og læsis og NýMið lagt áherslu á fjölbreytt námskeið sem ætluð eru kennurum og starfsfólki í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Þau námskeið eru um aðferðir við fjölbreytta kennslu- og starfshætti, millimenningarfræðslur, fræðslur um viðhorf og fordóma, fræðslur frá fagaðilum víðsvegar erlendis um máltöku og læsi, um fjölbreytileika o.s.frv. Að auki hafa ráðgjafar Miðju máls og læsis boðið árlega upp á fjölmörg námskeið sem og farið inn með ráðgjöf til starfsstöðva skóla- og frístundasviðs. Samstarf milli menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs hefur til að mynda falið í sér námskeið um fjölbreytta kennslu- og starfshætti fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf. Nánar um þær fræðslur er að finna í ársskýrslum fjölmennigarteymis.

Íslenska sem annað mál og virkt tvítýngi

Áhersla á íslensku sem annað mál og stuðning við móðurmál eru mikilvægir þættir sem stuðla að jafnræði og jákvæðri sjálfmynd barna. Árið 2014 var málkönnunarprófið Milli mála tekið til notkunar og úthlutunarreglum vegna stuðnings við kennslu í íslensku sem öðru máli breytt í kjölfarið. Fram til ársins 2014 var fjármagni úthlutað til kennslu nemenda sem voru nýkomin til landsins en með upptöku Milli mála málkönnunarprófsins eru nemendur sem eru fjöltyngdir og þeir nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa verið búsettir erlendis í fimm ár eða lengur, metin út frá færni í íslensku. Frá þeim tíma hefur fjöldi nemenda sem hljóta stuðning í íslensku sem öðru máli aukist hratt en haustið 2020 voru þetta ríflega 2750 nemendur. Á sama tíma hefur fjármagn nærri sexfaldast samhliða auknum fjölda barna. Starfsmenn Miðju máls og læsis hafa unnið markvisst að því að efla kennara og annað starfsfólk við kennslu í íslensku sem öðru máli. Nánari upplýsingar um þá vinnu er að finna í ársskýrslu fjölmennigarteymis. Í málefnum virks tvítýngis hefur skóla- og frístundasvið verið í samstarfi við Samtök um móðurmál og m.a. gert við þau samninga um útlán á húsnæði síðastliðin ár.

Foreldrasamstarf

Líklega hafa engir einstakir þættir meiri áhrif á nám og líðan barna en viðhorf og stuðningur foreldra þeirra. Í fjölmenningarstefnunni *Heimurinn er hér* er lögð áhersla á að starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs gæti sérstaklega að því að ná til foreldra fjöltyngdra barna. Ráðning brúarsmiða í Miðju máls og læsis er mikilvægur liður í að efla samstarf við fjölbreyttan hóp foreldra þar sem þeir bjóða t.d. upp á fundi fyrir foreldra. Af þeim fjölmörgu verkefnum sem

hefur verið hrint í framkvæmd má sérstaklega nefna „Allir með – tölum saman um skólamenningu“ sem var samstarfsverkefni SAMFOK, Samtaka um móðurmál og skóla- og frístundasviðs þar sem haldin voru tíu málþing á ólíkum tungumálum til að kynna það sem einkennir skóla- og frístundastarf á Íslandi. Annað samstarfsverkefni með SAMFOK eru myndbönd um íslenska skólakerfið sem eru talsett á fjölmörgum tungumálum og fjalla um uppbyggingu skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. Nánar um þau verkefni er að finna í ársskýrslu fjölmeningarteymis.

Meðfylgjandi:

Ársskýrsla fjölmeningarteymis 2015

Ársskýrsla fjölmeningarteymis 2016

Ársskýrsla fjölmeningarteymis 2018-2019

Ársskýrsla fjölmeningarteymis 2019-2020

Fjölmenning 2015

Stuðningur við pólskumælandi leikskólabörn

Magdalena Elísabet Andrésdóttir er pólskumælandi stuðningur í leikskólum borgarinnar, en hún hóf störf í leikskólanum Miðborg á árinu þar sem hún mun hafa aðsetur. Starf hennar byggir á tilraunaverkefni sem hófst í leikskólum borgarinnar á árinu 2012 og miðar að því að auðvelda samskipti pólskumælandi barna og foreldra annars vegar og íslenskumælandi starfsfólks og barna hins vegar, veita foreldrum fræðslu og upplýsingar um leikskólastarfið og miðla mikilvægum þáttum í móðurmáli, menningu og bakgrunni barna og fjölskyldna til leikskólastarfsfólks. Langstærsti hópur barna með annað móðurmál en íslensku í leikskólum borgarinnar er pólskumælandi. Nú hafa hátt 40 í leikskólar nýtt þjónustu Magdalenu, en í könnun til leikskólastjóra kom fram mikil ánægja með að leikskólar skuli hafa aðgang að pólskumælandi stuðningi og ráðgjöf.

Tvítýngdir móðurmáls/farkennarar

Tveir tvítýngdir farkennarar voru ráðnir til að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku í grunnskólunum. Skóla- og frístundaráð samþykkti tillögu um verkefnið á fundi sínum í apríl og fór það af stað á haustmánuðum. Hlutverk kennaranna verður að kenna móðurmál nemendanna og fara á milli skóla til að sinna nemendum sínum.

Okkar mál í Fellahverfi

Verkefnið Okkar Mál í Fellahverfi hélt áfram árið 2015 en skv. áætlun lýkur því formlega 2016. Sameiginlegir starfsdagar samstarfsskólanna voru haldnir 5. janúar og 9. október en þar var boðið upp á sameiginlega fræðslu til allra kennara og starfsfólks skólanna þriggja. Áhersla starfsdagsins í janúar var á viðhorf, samskipti, fordómafræðslu, virkt tvítýngi og tækni í skólastarfi en á síðari starfsdeginum var sjónum beint að foreldrasamstarfi. Þar fengu starfsmenn og kennarar að hlusta á foreldra barna í skólunum þremur gefa þrjár stjórnur og eina ósk þar sem foreldrar lýstu því hversu mikilvægir skólarnir væru fyrir börnin þeirra og bentu síðan á atriði sem mætti huga betur að. Að því loknu hélt Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi afar athyglisvert erindi um tengsl barna og hvernig kennarar geti betur mætt foreldrum sem búa við félagslega erfiðleika. Á heimasíðu verkefnisins <http://tungumalatorg.is/okkarmal/> má lesa um og skoða myndir frá samstarfinu en meðal þess sem var boðið upp á á árinu var árleg útskriftarathöfn leikskólabarna í Fellaskóla, fræðsla fyrir frístundastarfsfólk í leikskólum, heimsóknir á milli skólastiga, lestur á fjölbreyttum tungumálum á degi íslenskrar tungu og fleira.

Fjölmenningarstefnan Heimurinn er hér

Stefna borgarinnar um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf „Heimurinn er hér“ var samþykkt í borgarráði 2014. Í upphafi árs 2015 kom út bæklingurinn „Heimurinn er hér“ sem sendur var í alla leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar í borginni. Í kjölfarið var boðið upp á kynningarfundum um stefnuna í öllum hverfum auk fræðslufunda um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og virkt tvítýngi á vor- og haustönn. Í samstarfi við Háskóla Íslands var grunnskólakennurum boðið upp á 40 stunda námskeið við Menntavísindasvið sem byggt var á stefnunni og áherslum hennar. Fjölmenningarteymi SFS sem í sitja fulltrúar leik, grunn og frí, heldur utan um innleiðingu stefnunnar sem á að verða lokið 2017.

Menningarmót á vefnum


Heimasíða fyrir verkefnið *Menningarmót - Fljúgandi teppi* var opnuð í febrúar en hún var unnin í samstarfi Borgarbókasafns og skóla- og frístundasviðs. Menningarmót er þverfagleg aðferð í starfi með börnum og fullorðnum þar sem leitast er við að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima hvers og eins. Margir skólar hafa gert verkefnið að föstum liði í fagstarfinu og því þótti tímabært að gefa út á vef með hagnýtum kennsluleiðbeiningum fyrir öll skólastig. Leikskólarnir Rofaborg, Hólaborg,

Árborg og Laugasól voru tilnefndir Menningarmótsskólar á árinu, svo og Ingunnarskóli, Háteigsskóli og Landakotsskóli.

Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum

Á síðustu árum hefur fjöldi barna af erlendum uppruna aukist jafnt og þétt líkt og sést á myndinni hér fyrir neðan:


Börn af erlendum uppruna í leikskólum



eftir hverfum. - tafla

Algengustu tungumál barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur haustið 2015- tafla

Bakgrunnur barna



Fjölmenning í ársskýrslu SFS 2016

Fjölmenningarteymi SFS skipa þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Dröfn Rafnsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir sem jafnframt leiðir teymið. Hlutverk teymisins er m.a. að halda utan um innleiðingu stefnu SFS í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi *Heimurinn er hér*, og þróa umbætur í starfi á grundvelli stefnu- og starfsáætlunar SFS þar sem einn af umbótaþáttum ársins 2016 var fjölmenning. Teymið skilaði frá sér stöðuskýrslu vegna innleiðingar stefnunnar til skóla- og frístundaráðs í maí 2016 sem lögð var fyrir ráðið í sumarlok. Skýrsluna er hægt að nálgast á http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/102_2.1_stoduskvysla_2015-2016_heimurinn_er_her.pdf

Fjölmenningarteymi hefur staðið að fræðslutilboðum og námskeiðum fyrir kennara og starfsfólk SFS á árinu en þetta er meðal þess sem var í boði auk stuttra fræðslufunda um fjölmenningarleg málefni:

- 3 námskeið fyrir grunnskólakennara og stjórnendur í fyrirlögn próftækisins Milli mála. Elín Þöll Þórðardóttir höfundur prófsins er leiðbeinandi en á námskeiðinu fjallar hún um máltöku og málþorska barna, hvernig börn læra annað mál og rannsóknir tengdar þeim þáttum
- Haldin voru tvö tuttugu stunda námskeið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ sem byggðu á stefnunni Heimurinn er hér. Annað námskeiðið var ætlað leikskólakennurum og grunnskólakennurum á yngsta stigi en hitt námskeiðið var ætlað grunnskólakennurum á mið- og unglíngastigi. Hátt í 40 kennarar sóttu námskeiðin.
- Í maí sóttu um 90 leikskólakennarar námskeið hjá Dr. Roma Chumak Horbatsch frá Kanada en hún er sérfræðingur í mál og læsi tvítyngdra barna og hefur þróað hugmyndafræði [LAP \(e. linguistically appropriate practices\)](#).
- Í ágúst sóttu 30 grunnskólakennarar tveggja daga vinnusmiðju sem haldið var í samvinnu SFS og Evrópska nýmálasætursins í Graz Austurríki. Meginviðfangsefnið var fjöltyngiskennsla í skólastarfi.

Reglum um úthlutun vegna íslenskukennslu í grunnskólum var breytt í kjölfar innleiðingar málkönnunarprófsins Milli mála en skv. niðurstöðum þess þurfa um 80% grunnskólanemenda stuðning við íslenskunámið alla skólagönguna. Þetta á einnig við um þá nemendur sem eru fæddir á Íslandi og hafa gengið í leikskóla en íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að þó að börn nái góðum tókum á samskiptamáli þegar þau eru ung þá þurfa þau stuðning við að ná tókum á skólaorðaforðanum. Starfsemi *Miðju máls og læsis* hófst í ágúst en meðal hlutverka ráðgjafa hjá MML er að sinna stuðningi, fræðslu og ráðgjöf við skóla- og frístundamiðstöðvar vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Áherslur Barnamenningarhátíðar fyrir árið 2016 voru fjölmenningarlegar þar sem margbreytileikanum var fagnað í mörgum af verkefnum og viðburðum hátíðarinnar. Meðal annars tengdist þema opunarviðburðarins réttindum barna ásamt marbreytileika menningar og tungumála. Opunarviðburðurinn endurspeglar öll þau fjölbreyttu tungumál og menningu sem tilheyrðu þeim börnum sem fædd voru árið 2006 og sóttu viðburðinn en að venju er öllum börnum í 5 bekk boðið í Hörpu. Verkefnið Velkomin í leikskólann minn var sett upp á Borgarbókasafni en um 275 börn tóku þátt í því að skoða og ræða stuttmyndina [Við fæðumst fordómalaus en hvað svo](#) og hanna svo listaverk í kjölfarið þar sem sjónarhornið var á hvernig hægt væri að taka á móti nýjum börnum í leikskólann. Afraksturinn var sýndur á Borgarbókasafninu grófinni.

Alþjóðlegi móðurmálsdagur UNESCO og Evrópski tungumáladagurinn voru haldnir hátíðlegir í Gerðubergi í samvinnu við verkefnastjóra fjölmennningar á Borgarbókasafni og samtökin Móðurmál. Starfsstöðvar SFS fengu sendan upplýsingapóst um viðburðina og hugmyndir að verkefnum með fjölbreytt tungumál sem m.a. er að finna í Heimurinn er hér og [vef alþjóðlega móðurmálsdagsins á Tungumálatorgi](#).

Upplýsingagjöf til foreldra var bætt m.a. með útgáfu upplýsinga um grunnskóla á fimm tungumálum, bæklingum um frístundastarf og bættri upplýsingagjöf til foreldra á heimasíðum leikskóla og grunnskóla. Lögð er áhersla á að allt efni sem sent er til foreldra verði þýtt á ensku og pólsku. Þá var upplýsingagjöf til starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi bætt þegar Fróði, nýr innri vefur fyrir starfsfólk var tekið í gagnið. Gagnlegum [upplýsingum um fjölmenningu](#) er safnað saman á vefnum og þær gerðar aðgengilegar fyrir starfsfólk borgarinnar.

Árið 2016 var skemmtilegt Menningarmótsár í leik – og grunnskólum borgarinnar. Mótin fóru meðal annars fram í Menningarmótsskólunum Hólaborg, Árborg, Rofaborg, Laugasól, Ingunnarskóla, Fellaskóla og Ölduselsskóla. Háaleitisskóli, Hagaskóli, Langholtsskóli og Norðlingaskóli bættust einnig við í hóp þeirra sem hafa öðlast reynslu af verkefninu. Á Menningarmóti Norðlingaskóla sem haldið var í október s.l. tóku allir 600 nemendurnir þátt og er það metfjöldi þátttakenda síðan verkefnið hófst. Hægt er að nálgast upplýsingar um það hvernig hægt er að gerast menningarmótsskóli á slóðinni: <http://tungumalatorg.is/meningarmot/2015/04/30/viljid-thid-koma-i-hop-meningarmotsskola/>

Meðal nýrra verkefna hjá SFS er að halda utan um málefni barna flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd (hælisleitenda) á leik- og grunnskólaaldri. Sótt var um alþjóðlega vernd fyrir 36 börn á leik- og grunnskólaaldri á árinu. 31. desember 2016 voru 10 grunnskólabörn og 6 leikskólabörn í þjónustu en 8 börn biðu þess að komast inn í leik- eða grunnskóla. [Verklag fyrir skóla](#) vegna móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd var kynnt stjórnendum í skóla- og frístundastarfi haustið 2016 en áfram verður unnið á grunni þess. Þá voru haldnir tveir fundir á vegum sviðsins vorið 2016 þar sem sérstaklega var hugað að menntun barna hælisleitenda. Í kjölfarið var stofnaður hópur á vegum Innanríkisráðuneyti þar sem markmiðið var að þróa verklag vegna menntunar barna í þessum hópi.

Fjölmenningarteymið vann á haustmánuðum að undirbúningi, móttöku og aðlögun barna í hópi kvótaflóttafólks sem von var á til landsins í janúar 2017 en í hópnum eru 10 börn á leik- og grunnskólaaldri. Velferðarsvið hefur yfirumsjón með verkefninu en verkefnastjóri er Drífa Kristjánsdóttir. Náið samstarf er á milli SFS og VEL í þessu verkefni. Áætlað er að börnin fari í þrjá grunnskóla og tvo leikskóla.

Ársskýrsla fjölmeningarteymi SFS starfsveturinn 2018-2019.

Fjölmeningarteymi SFS skipa þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmeningu fyrir grunnskóla og frístundastarf sem leiðir teymið, Magdalena Andrésdóttir, brúarsmiður MML, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður MML, Saga Stephensen, verkefnastjóri fjölmeningu fyrir leiksskóla og Sigrún Jónína Baldursdóttir, kennsluráðgjafi MML. Nýja teymið tók til starfa í byrjun árs 2019 og alls voru haldnir fimm fundir og einn starfsdagur í júní. Hlutverk teymisins er m.a að halda utan um innleiðingu á Velkomin skýrslunni og stefnu SFS í fjölmeningarlegu skóla- og frístundastarfi Heimurinn er hér.

Fjölmeningarteymi hefur fylgt eftir innleiðingu Velkomin – skýrsla starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjendur um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi. Staðan á verkefnum:

1. **Velkomin í hverfið þitt:** móttökuáætlun „Velkomin í hverfið þitt“ þar sem fulltrúar grunnskóla, frístundastarf og þjónustumiðstöðvar koma að heildrænni nálgun við móttöku nýrra fjölskylda barna á leik- og grunnskólaaldri. Endurbætt móttökuáætlun grunnskóla var var innleidd þar sem verkefnastjóri fjölmeningar heimsótti alla grunnskóla og kynnti nýja verklagið. Í ágúst verður Klébergsskóli heimsóttur. Verkefnastjóri fjölmeningar heimsótti frístundamiðstöðvarnar Tjörninn, Kringlumýri og Miðberg þar sem verkefnið var kynnt. Í ágúst verða frístundamiðstöðin Ársel og Gufunesbæ heimsóttar og með því verður formleg innleiðing á verkefninu lokið. Í Breiðholti, Laugardal og Háaleiti og Vesturbæ, miðborg og hlíðum voru haldnir kynningarfundir með fulltrúum Árbæjarmódelisins þar sem fulltrúar grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva fengu kynningu á verkefninu. Þessi fundir gengu mjög vel fyrir utan að ekki kom neinn fulltrúi frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, miðborg og hlíða. Í ágúst næstkomandi verða haldnir samskonar fundir með Árbæ og Grafarvogi. Stefnt er að því að haustið 2019 verður farið í innleiðingu á þátttöku leikskólanna, byrjað verður með leikskólana í Breiðholti þar sem verkefnið er komið lengst.

Verkefnið er samstarfsverkefni við þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs og var Edda Ólafsdóttir verkefnastjóri á VEL skipuð sem tengiliður við verkefnið. Í byrjun árs var haldin kynningarfundur með fulltrúum þjónustumiðstöðvar þar sem Árbæjarmódelið var kynnt og rætt um innleiðingu á verkefninu. Ákveðið var að nota vorönnina að hefja undirbúning og innleiðingu á verkefninu en frá og með hausti yrði stæði til að vinna samkvæmt Velkomin í hverfið þitt áætluninni. Þjónustumiðstöð Breiðholts hóf strax þátttöku í verkefninu og voru skipaðir þrír tengiliðir við grunnskólana í Breiðholti. Verkefnið er því farið af stað þar. Í öðrum hverfum hefur ekki enn tekist að koma almennilegu skipulagi á og er það von okkar að unnt verði að skerpa á hlutverki þjónustumiðstöðvarinnar fyrir byrjun nýs skólaárs. Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Edda Ólafsdóttir hafa verið með kynningu fyrir deildastjórum skólaþjónustu þjónustumiðstöðva ásamt því að nokkrir fundir hafa verið teknir með skrifstofustjóra VEL um verkefnið. Í byrjun sumars var fundur með fulltrúum framkvæmdarstjóra þjónustumiðstöðva VEL, Eddu Ólafsdóttur og verkefnastjórum fjölmeningar á leik- og grunnskóla þar sem samþykkt var að fara af fullum krafti í verkefnið frá og með næstkomandi hausti.

2. Móttökuáætlanir í leikskólum

Verkefnastjóri fjölmeningar fyrir leikskólasvið tók til starfa í ársbyrjun 2019 og vegna þessa var ekki unnt að innleiða sum þeirra verkefna sem stóð til að yrðu lokið á vorönn 2019. Endurskoðun á móttökuáætlun leikskóla fer í vinnslu sumarið 2019 og má gera ráð fyrir að því verði lokið fyrir byrjun haustannar 2019.

3. Móttökuáætlanir í frístundastarfi

Móttökuáætlun í frístundastarfi er samofið verkefninu Velkomin í hverfi þitt og hefur því verkefni nánast verið lokið. Fulltrúar frístundastarfsins; forstöðumenn frístundaheimili eða forstöðumenn félagsmiðstöðva eru nú boðaðir á móttökuvíðtöl grunnskólana og samantekt á efni fyrir móttöku inni frístundastarfið.

4. Aukin stuðningur við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum

Úthlutun fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli hefur verið byggt á niðurstöðum vegna Milli mála málkönnunarprófsins síðan 2015. Fjölgun nemenda sem fá úthlutun hefur kallað eftir auknu fjármagni og hefur verið bætt töluvert í þann gjaldalið. Ákvörðun var tekin um að breyta úthlutunarlíki fyrir kennslu í íslensku sem öðru máli og á vorönn luku þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri í fjölmenningu og Dröfn Rafnsdóttir, deildastjóri Miðju Máls og læsis við útlitun á stuðning og framkvæmd nýrrar úthlutunar.

5. Bætt upplýsingagjöf við skólaskil barna úr leikskólum og yfir í grunnskóla og frístundaheimili

Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Saga Stephensen funduðu með þeim Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur, verkefnastjóra á skrifstofu frístundar og Elísabetu Helgu Pálmadóttir, þróunarfulltrúa á skrifstofu leikskóla vegna verklags um skila úr grunnskóla yfir í frístundastarf. Við fórum yfir staðlað bréf sem hefur löngum verið notast við og var lögð áhersla á að fylgja því verklagi betur úr hendi. Verkefnið er enn í vinnslu.

6. Stoðdeild móttöku fyrir nemendur í 3. – 10.bekk með litla eða óstöðuga skólagöngu

Stoðdeildin Birta fór í undirbúning í byrjun árs 2019 þar sem lagt var upp með að staðsetning hennar yrði í Vogaskóla. Vegna ósættis innan skólans var hörfað frá þeirri ákvörðun. Háaleitisskóli – Álftamýri varð fyrir valinu og var verkefnið kynnt fyrir skólasamfélaginu, foreldrum og öðrum hagsmunadílum við góðar undirtektir. Verkefnið hefur byggst uppá góðu samstarfi við frístundamiðstöðin Kringlumýri og er staðsetning deildarinnar á frístundaheimilinu Álftabæ. Ráðinn var deildastjóri fyrir deildina, Aðalheiður Diego Hjálmarsdóttir og tveir kennarar. Starfsemin er í undirbúning og tekur hún formlega til starfa í byrjun nýs skólaárs 2019.

7. Aukið fjármagn og bætt verklag vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál

Það var ákveðið að fara í endurskoðun á úthlutun vegna fjármagns vegna kennslu í íslensku sem öðru máli. Aukið fjármagn var sett í úthlutun til kennslu í íslensku sem öðru máli til að mæta auknum fjölda nemenda. Samhliða nýrri úthlutun á fjármagni var gerð áætlun um stuðning frá MML og verkefnisstjóra fjölmenningar og með hvaða hætti væri hægt að styðja skólana betur við að eflast í fjölmenningarlegum starfs- og kennsluháttum.

8. Undirbúningur samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna móttöku ný komna nemenda

Það verkefni hefur ekki formlega farið af stað. Haldin var einn fundur með fulltrúum sveitarfélaga og sviðsstjóra SFS. Málið er í vinnslu.

Fræðslur

Millimenning

Á haustönn 2018 voru alls haldnar fjórar fræðslur um millimenningu; um Pólland & Filippseyjar, um Roma fólk og Miðausturlönd og síðan um Litháen. Fræðslurnar voru auglýstar fyrir alla starfsmenn í leikskólum, grunnskólum og á frístundamiðstöðvum. Þátttakan var ágæt, um og yfir 30 manns á hverri fræðslu. Þær voru þess aðgengilegar á netinu fyrir þá sem ekki gátu mætt.

Fræðsla um skóla margbreytileikans

Fræðsla um skóla margbreytileikans var haldin að beiðni skólastjórnenda í Árbæjarskóla fyrir stuðningsstarfsmenn og skólaliða. Það voru þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri í fjölmeningu, Hrund Logadóttir, verkefnastjóri í sérkennslu, Magdalena Andrésdóttir, brúarsmiður MML og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður MML sem stóðu fyrir fræðslunni. Í kjölfarið af því var farið með samskonar fræðslu inni nokkra grunnskóla í Reykjavík við góðar undirtektir.

Fræðsla til kennara

Starfsmenn Miðju máls og læsis ásamt verkefnastjóra fjölmeningu á grunnskólaskrifstofu voru með fræðslu í Fossvogsskóla fyrir starfsmenn grunnskóla og leikskóla um fjölmeningu, millimenningarfræðslu og fjölmeningarlega kennsluhætti. Verkefnastjóri í fjölmeningu á grunnskólaskrifstofu og brúarsmiðir MML stóðu fyrir fræðslu um fjölmeningu og

Verkefnastjóri fjölmeningar og brúarsmiðir MML héldu fræðslu um menningarnæmni og fjölmeningarlegt samfélag í nokkrum skólum í Reykjavík við góðar undirtektir.

Fræðsla til námsráðgjafa

Verkefnastjóri fjölmeningar og brúarsmiðir MML voru með fræðslu til námsráðgjafa grunnskóla þar sem rætt var um fjölmeningarlegt samfélag, stöðu fjöltyngdra Íslendinga og mikilvægi þess að styðja vel við fjölbreyttan hóp nemenda.

Fræðsla til nemenda

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmeningar og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir stóðu fyrir nokkrum fræðslum til nemenda á miðstigi um fjölbreytileika og sjálfsmynd sem og fræðslur til nemenda á unglingastigi um fordóma og fjölmeningu. Þetta gekk mjög vel og er von að halda þessu áfram á komandi skólaári. Einnig fóru þær inná Barnaþing í Grafarvogi með samskonarfræðslu fyrir nemendur í 6.bekk.

Fræðsla í frístundamiðstöðvar

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri í fjölmeningu fór með fræðslu um „Fjölmening er fjársjóður“ fyrir barnastarf í Gufunesbæ, fyrir frístundaheimilið Laugasel og félagsmiðstöðvar í Miðbergi. Þær Dagbjört og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir fóru með fræðlu um fjölmeningarlegt frístundastarf fyrir frístundamiðstöðina Miðberg og Tjörnina sem gekk mjög vel.

Fræðsla í leikskóla

Önnur verkefni

Menntamálaráðuneytið

Verkefnastjóri í fjölmenningu á grunnskólaskrifstofu var skipuð í starfshóp á vegum Menntamálaráðuneytisins sem er ætla að skoða stöðu nemenda með íslensku sem annað mál og útbúa einskona „Hvít bók“ um þann málaflokk. Starfshópurinn starfar frá janúar 2019 og inni 2020.

Kynning fyrir Félags- og barnamálaráðherra og Menntamálaráðherra

Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður og Magdalena Andrésdóttir, brúarsmiður voru með kynningu á stöðu fjöltyngdra Íslendinga í tengslum við fundi með Félagsmálaráðherra og Menntamálaráðherra. Viðbrögðin voru mjög góð.

Íslensku kennsla fyrir starfsmenn

Fjölmenningarteymið hefur komið að vinnu með mannauðsdeild SFS varðandi mikilvægi kennslu í íslensku fyrir starfsmenn af erlendum uppruna.

Íslenska skólakerfið

Fjölmenningarteymið hefur komið að vinnslu um íslenska skólakerfið í samstarfi við SAMFOK og Mixtúru. Þess er að vænta að myndböndin verði tilbúin í haust 2019.

Fyrir hönd Fjölmenningarteymis SFS

Dagbjört Ásbjörnsdóttir

Ársskýrsla fjölmenningsarteymis SFS starfsveturinn 2019-2020

Fjölmenningsarteymi SFS skipa þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningsarteymis grunnskóla og frístundastarf sem leiðir teymið, Helga Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá MML, Magdalena Andrésdóttir, brúarsmiður hjá MML, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður hjá MML, Saga Stephensen, verkefnastjóri fjölmenningsarteymis á leikskólasviði og Sigrún Jónína Baldursdóttir, kennsluráðgjafi hjá MML. Teymið fundar mánaðarlega í 3 klst. í senn frá september 2019 til júní 2020.

Hlutverk teymisins er m.a. að halda utan um innleiðingu á Velkomin skýrslunni og stefnu SFS í fjölmenningsarteymi skóla- og frístundastarfi Heimurinn er hér.

Fjölmenningsarteymi hefur fylgt eftir innleiðingu Velkomin – skýrslu starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjendur um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi. Staðan á verkefnum:

- 1. Velkomin í hverfið þitt:** Móttökuáætlun „Velkomin í hverfið þitt“ þar sem fulltrúar grunnskóla, frístundastarfs og þjónustumiðstöðva koma að heildrænni nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna barna á leik- og grunnskólaaldri. Endurbætt móttökuáætlun grunnskóla var innleidd þar sem verkefnastjóri fjölmenningsarteymis heimsótti alla grunnskóla og kynnti nýja verklagið. Verkefnið er farið af stað í öllum grunnskólum í samstarfi við frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar. Fulltrúar verkefnisins, Dagbjört Ásbjörnsdóttir fyrir hönd SFS og Edda Ólafsdóttir fyrir hönd VEL funduðu með fulltrúum þjónustumiðstöðva á haustönn 2019 til að efla samstarfið. Í byrjun árs 2020 var hafist handar að fylgja verkefninu eftir með stöðufundum þar sem fulltrúi skóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar hittust til að ræða verkefnið. Byrjað var í Breiðholti en síðar þurfti að færa fundina á haustönn vegna Covid 19. Þeim fundum verður lokið fyrir árslok 2020. Niðurstaða úr rýnihóp leikskólastjóra, deildarstjóra og verkefnastjóra fjölmenningsarteymis leikskóla á SFS var m.a. að gerð yrði samræmd móttökuáætlun fyrir leikskóla af SFS. Miðlæg móttökuáætlun fyrir leikskóla verður tilbúin fyrir árslok 2020 (*Tillaga 2. Móttökuáætlanir í leikskóla í Velkomin skýrslunni*). Leikskólastjórum í Breiðholti hefur verið sagt frá Velkomin verkefninu og tveir leikskólar þar hafa skráð sig til þátttöku í að móta hvernig það verður útfært í leikskólunum. Útfærslan verður mótuð fyrir árslok 2020 og farið verður af stað í öðrum hverfum á vorönn 2021.
- 2. Aukinn stuðningur við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum**
Haustið 2019 var Helga Ágústsdóttir, kennsluráðgjafi, ráðinn til starfa í Miðju máls og læsis. Hennar hlutverk er fyrst og fremst að innleiða Sænska matstækið og veita grunnskólum frekari stuðning.
- 3. Bætt upplýsingagjöf við skólaskil barna úr leikskólum og yfir í grunnskóla og frístundaheimili**
Verkefnið fór í bið vegna Covid19 og mun vera framfylgt að nýju í byrjun árs 2021.
- 4. Stoðdeild móttöku fyrir nemendur í 3. – 10. bekk með litla eða óstöðuga skólagöngu**
Stoðdeildin Birta tók til starfa haustið 2019 og hafa um 20 börn sótt deildina fyrsta árið. Verkefnið hefur gengið framár vonum. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna í áfangaskýrslu um Birtu.

5. Aukið fjármagn og bætt verklag vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál

Nýtt úthlutunarlíkan tók gildi á haustönn 2019 og fóru fram kynningar í öllum grunnskólum á nýja fyrirkomulaginu þar sem þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar og Dröfn Rafnsdóttir, deildastjóri MML kynntu nýja fyrirkomulagið. Nýtt úthlutunarlíkan var tekið til notkunar haustið 2019 og verður endurskoðað að hausti 2020.

6. Undirbúningur samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna móttöku nýkominna nemenda

Það verkefni hefur ekki formlega farið af stað. Haldin var einn fundur með fulltrúum sveitarfélaga og sviðsstjóra SFS. Málið er í vinnslu.

7. Samræmd móttaka flóttafólks

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar fyrir grunnskóla og frístund, og Saga Stephensen, verkefnastjóri fjölmenningar fyrir leikskóla, sitja í skólateymi vegna flóttabarna ásamt fulltrúa frá Fjölmenningarsetri, fjölmenningarfulltrúa hjá Hafnarfirði og Reykjanesbæ og fulltrúa frá Menntamálastofnun. Markmiðið er að allir sem fá veitta stöðu flóttamanna á Íslandi fái tækifæri til sambærilegrar þjónustu sama hvort þau komi til landsins sem umsækjendur um vernd, kvótaflóttafólk eða með öðrum leiðum. Skólateymið fundaði fyrst í lok ágúst 2020 en teyminu er ætlað að byggja upp sérþekkingu í menntun flóttabarna sem starfsfólk í skólum og sveitarfélögum um land allt geti leitað til.

Fræðsla

Fræðsla um skóla margbreytileikans

Fræðsla um skóla margbreytileikans var haldin að beiðni skólastjórnenda í Árbæjarskóla fyrir stuðningsstarfsmenn og skólaliða. Það voru þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri í fjölmenningu, Arnheiður Helgadóttir, verkefnastjóri í sérkennslu, Magdalena Andrésdóttir, brúarsmiður MML og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður MML sem stóðu fyrir fræðslunni. Í kjölfarið af því var farið með samskonar fræðslu inn í nokkra grunnskóla í Reykjavík við góðar undirtektir.

Fræðsla til kennara

Starfsmenn Miðju máls og læsis ásamt verkefnastjóra fjölmenningar á grunnskólaskrifstofu voru með fræðslu fyrir starfsmenn grunnskóla og leikskóla um fjölmenningu, millimenningarfræðslu og fjölmenningarlega kennsluhætti. Verkefnastjóri í fjölmenningu á grunnskólaskrifstofu og brúarsmiðir MML stóðu fyrir fræðslunni.

Verkefnastjóri fjölmenningar og brúarsmiðir MML héldu fræðslu um menningarnæmi og fjölmenningarlegt samfélag í nokkrum skólum í Reykjavík við góðar undirtektir.

Fræðsla til námsráðgjafa

Verkefnastjóri fjölmenningar og brúarsmiðir MML voru með fræðslu til námsráðgjafa grunnskóla þar sem rætt var um fjölmenningarlegt samfélag, stöðu fjölyngdra Íslendinga og mikilvægi þess að styðja vel við fjölbreyttan hóp nemenda.

Fræðsla til nemenda

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir stóðu fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir nemendur á miðstigi um fjölbreytileika og sjálfsmýnd sem og fræðslufundum fyrir nemendur á unglingsstigi um fordóma og fjölmenningu.

Fræðsla til frístundamiðstöðva

Þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir fóru með fræðslu um fjölmennningarlegt frístundastarf fyrir frístundamiðstöðvarnar Ársel, Kringlumýri og Gufunesbæ.

Fræðsla til frístundheimila

Þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir fóru með fræðslu um fjölmennningarlegt frístundastarf og fordóma í nokkur frístundaheimili.

Foreldrafræðsla til grunnskóla

Þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Magdalena Andrésdóttir og Sigrún Jónína Baldursdóttir héldu fræðslufundi fyrir foreldrarfélag í tveimur grunnskólum við góðar undirtektir.

Foreldrafræðsla til leikskóla

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir og Magdalena Andrésdóttir, og verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla, Saga Stephensen, voru með fræðslu fyrir foreldrahópa í Grafarholti og í leikskólanum Rofaborg þar sem fjallað var um íslenska skólakerfið, leikskólastarf, hvað felst í því að vera leikskólaforeldri og hvernig styðja megi við tví- og fjöltyngi, íslensku, heimamál og heimamenningu barna, bæði heima og í leikskólanum. Slíkir fræðslufundir munu halda áfram að standa til boða þegar aðstæður leyfa.

Fræðsla til starfsfólks leikskóla

Verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla, Saga Stephensen, var með fræðslu á starfsdögum í átta leikskólum þar sem fjallað var um fjölbreytta kennsluhætti, foreldrasamstarf, málörvun í daglegu starfi og skráningar, Gefðu 10, móttöku barna í nýju málumhverfi, vinnu með heimamál og heimamenningu og Orðaleik. Í viðbót við fræðslu á starfsdögum var verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla með fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks leikskóla vegna fjöltyngdra barna, umsækjenda um alþjóðlega vernd og fjölmennningarlegra kennsluhátta í mörgum leikskólum. Fjórir fræðslu- og vinnufundir með tengiliðum fjölmennningar allra leikskóla voru haldnir á starfsárinu. Sem stendur fer fræðsla og ráðgjöf fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna Covid-19.

Önnur verkefni

Menntamálaráðuneytið

Verkefnastjóri í fjölmenningu á grunnskólaskrifstofu var skipuð í starfshóp á vegum Menntamálaráðuneytisins sem er ætla að skoða stöðu nemenda með íslensku sem annað mál og útbúa einskona „Hvít bók“ um þann málaflokk. Starfshópurinn starfar frá janúar 2019 og inn í 2020

Íslenska skólakerfið

Fjölmenningarteymið hefur komið að vinnslu um íslenska skólakerfið í samstarfi við SAMFOK og Mixtúru. Verkefnið hélt áfram og var því lokið að vori 2020.

Sprettur

Verkefnið Sprettur er samstarfsverkefni á vegum Háskóla Íslands til að styðja við nemendur úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla og þaðan inní Háskóla. Kriselle Lou Suson Jónsdóttir og Dagbjört Ásbjörnsdóttir eru tengiliðir við verkefnið.

Kynning á Heimurinn er hér

Þær Saga Stephensen og Dagbjört Ásbjörnsdóttir kynntu stefnu Skóla- og frístundaráðs um fjölmennningarstefnuna Heimurinn er hér fyrir nemendur í KHÍ.

Úttekt á fjölmenningarlegum starfs- og kennsluháttum

Í byrjun árs 2020 var Hrund Logadóttir fengin til að gera úttekt á sértæku og almennu úrræðum í málefnum fatlaðra í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur. Samhliða því voru þær Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Sigrún Jónína Baldursdóttir fengnar til að gera sambærilega úttekt en þó minni í sniðum á fjölmenningarlegum starfs- og kennsluháttum. Úttektin hófst á vorönn en mun standa áfram út árið 2020.

Fyrir hönd Fjölmenningarteymis SFS

Dagbjört Ásbjörnsdóttir